

1871.

24. júlí.

*tonnelades*, og voru þess vegna borgaðir 283 rd. fyrir leiðarbréfið. Þegar verið var að afgreiða skipið til burtfarar, sýndi skipstjórnarmaður enskt mælingarbréf, gefið út 2. ágústm. 1869 í *Sunderland*, en eptir því var rúmmál skipsins aðeins 245,21 *registertons*, og heintaði hann samkvæmt þessu að fá borgaða aptur 38 rd. Stiftamtíð skaut þá málinu til úrslita dómsmálastjórnarinnar, en með því búið var að telja upphæðina með tekjum ríkissjóðsins, og það varð að lenda á honum, ef nokkuð yrði borgað aptur af gjaldinu, sendi dómsmálastjórnin fjárhagsstjórninni málið, og hefir hún nú mælt til, að rádstafanir verði gjörðar til þess, að fæðir 38 rd. verði borgaðir hlutadeiganda aptur.

Útaf þessu mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin vili gjóra svo vel, að sjá um, að hlutadeigandi fái aptur þetta fè, sem vèr höfum í dag hlutazt til um, að verði borgað úr aðalféhirzlu ríkisins hér í bænum.

## 72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjald fyrir leiðarbréf handa skipi.

24. júlí.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði sent fjárhagsstjórninni til úrslita bænarskrá nokkra, sem hingað hafði borizt með bræfi amtsins, dagsettu 24. febr. þ. á., — en þar hefir kaupmaður C. D. Túlinús á Eskifirdi sókt um, að 19 rd., sem hann þykist hafa borgað um of í gjald fyrir leiðarbréf handa skipinu *Otto* sumaríð 1869, verði borgaðir sèr aptur, — hefir fjárhagsstjórnin í bræfi 10. þ. m. skýrt frá, að hún eptir atvikum leyfi, að upphæðin verði borguð aptur, einsog sókt var um.

Um leið og vèr gefum yður þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtíð það hlutadeiganda, skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógetanum á Íslandi það, sem þarf, til þess að fèð verði borgað úr jarðabókarsjóðnum.